

Heilbrigðis- og trygginganefnd
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík 6. júní 2002

Umsögn um frumvarp til laga um Lýðheilsustöð
Þskj. # 1144
Umsögn frá Götusmiðjunni um fyrirætlaða Lýðheilsustöð.

1. gr.

Markmiðin eru nokkuð vel skilgreind þó er nokkur hættu á því að ekki verði alger samstaða með "viðurkenndar aðferðir". Mikilvægt er að mjög þverfaglegur hópur fjalli á skipulagðan hátt um þær leiðir sem færar eru hverju sinni.

2. gr.

Hugmyndir um stofnun Lýðheilsustöð er góð. Fram kemur að yfirstjórn verði hjá heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Það kann að vera besti kosturinn, en hugsanlega kæmi Landlæknisembættið einnig til greina.

3. gr.

Götusmiðjan fagnar þeim áherslum sem settar eru fram í frumvarpinu, m.a. hvað varðar víðtækt og þverfaglegt samstarf og samráð. Mjög mikilvægt er einnig að stöðin hafi frumkvæði að öflugur rannsóknarstarfi, en við það mætti bæta samstarfi við "grasrótastarfsemi" því þeir aðilar myndu margir gjaman vilja sinna rannsóknarþættinum betur en er sjaldnast skapað nægilegt fjárhagslegt svigrúm til þess.

4. gr.

Hugmyndir um landsnefnd er mjög góð. Mikilvægt er að tryggja að nefndinni séu tryggðir fulltrúar frá "almeningi" og úr "grasrótahreyfingum" og samanstandi ekki einungis af fagfólki sem kannski hefur aðeins yfirborðsleg tengsl við viðfangsefnið.

5. gr.

Hugmyndin um sérfræðiráð fyrir einstaka verkhluta er einnig góð. En líkt og með 4. gr. viljum við benda á mikilvægi þverfaglegra vinnu- og sérfræðihópa. Slík vinnubrögð eru líklegri til árangurs.


6.-9 gr.

Upptalin ráð eiga öll heima í umræddri stöð. Mögulega eru einnig þegar starfrækt fleiri verkefni sem þarna ættu einnig vel heima. Samrekstraráhrif ættu að verða gífurlega hagkvæm fyrir heilsueflingu á öllum sviðum.

10. gr.

Varðandi gildistöku laganna þá er hættu á því að illa til takist ef ekki er nægilega vandað til í undirbúningi. Hugsanlega væri ráð að fresta gildistöku þar til málefnið hefði fengið rækilega umræðu í nokkrum þverfaglegum hópum (vera má að slíkt hafi þegar átt sér stað en það hefur þá verið án þátttöku Götusmiðjunnar).

Virðingarfyllst,



Marsibí Sæmundsdóttir
framkvæmdastjóri